

**Nd.**

**363. Nefndarállt**

um frv. til laga um varalögreglu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Um allan hinn mentaða heim er það talið eitt hið helsta og sjálfsagð-asta verkefni hvers ríkis að halda uppi gæslu í lögum og rjetti í landinu. Sjerstakir embættismenn, lögreglustjórar, annast þessa gæslu, og þeim til aðstoðar er haft fast lögreglulið.

Hjer á landi er því einnig þannig háttað, að lögreglustjórar annast gæslu laga og rjettar. Þeim til aðstoðar eru hafðir aðrir starfsmenn — í kaupstöðunum lögregluþjónar og utan kaupstaða hreppstjórar.

Kaupstaðirnir bera sjálfir allan kostnað af starfi lögregluþjónanna, og leggja sumir þeirra fram mikið fje í þessu skyni. En þrátt fyrir það er lögregluliðið of fáment og ekki nægilega öflugt til þess að geta annast löggæsluna í einstökum tilfellum. Þeir atburðir hafa komið fyrir, að lögregluliðið hefir ekki megnað að framkvæma skylduverk sín, vegna þess hve fáment það er. En það þykir naumast forsvaranlegt, að svo sje í ríki, sem hefir fengið sjálfstæðisviðurkenningu meðal annara þjóða. Verður úr þessu að bæta á einhvern hátt.

Það er ekkert einsdæmi fyrir þetta land, að hið venjulega fasta lögreglulið reynist ónógt í einstöku tilfellum. Hvarvetna koma fyrir þeir atburðir, að hið venjulega lögreglulið reynist ónógt. En í öðrum löndum er haft til taks annað sterkara vald að baki lögreglunnar, sem kvatt verður til hjálpar. Er það hævald, sem flest ríki hafa til þess að grípa til. Hjer á landi er ekkert slíkt vald, og hefir aldrei verið.

Menn eru alment sammála um það, að það sje skylda ríkisvaldsins að taka að einhverju leyti þátt í löggæslunni með kaupstöðunum. Það eru að eins leiðirnar, sem menn eru ekki sammála um.

Sumir, og það virðist vera skoðun háttv. meiri hl., halda því fram, að rjettasta leiðin sje sú, að ríkið leggi fje af mörkum til kaupstaðanna í þessu skyni.

Minni hl. lítur svo á, að þessi leið verði aldrei fullkomlega trygg, og hún tryggi ekki löggæsluna nægilega í þeim einstöku tilfellum, þegar sjerstaklega þarf á öflugri lögreglu að halda. Fjárframlag til kaupstaðanna í þessu skyni myndi styrkja lögregluliðið í hinum daglegu störfum þess, en aldrei nægilega, þegar sjerstakir atburðir koma fyrir. Þar dugir ekkert annað en fast lið, sem alltaf er til taks, þegar á þarf að halda.

Er það álit minni hlutans, að slíkt lið verði kostnaðarminst fyrir ríkissjóðinn og hagkvæmast fyrir komið á svipaðan hátt og stungið er upp á í stjórnarfrumvarpinu. Ætlast hann og til, að nægilegt verði að hafa alt að 100 manna sveit í Reykjavík, og ef þörf þykir að hafa varalögreglulið í öðrum kaupstöðum, þá ættu þar að nægja 10 manna sveitir. Hyggur minni hl., að eigi sje þörf á varalögregluliði annarsstaðar en í Reykjavík og á Siglufirði, og e. t. v. á Ísafirði. Yrðu það þá í alt 100—120 manns á öllu landinu, sem væru í varalögregluliðinu.

Þar sem ætlast er til, að sú skylda sje lögð á herðar fárra borgara þjóðfélagsins sjerstaklega að taka þátt í löggæslunni með kvaðningu í varalögregluliðið, þá þykir sanngjarnt að takmarka skyldu þeirra til þess að vera í lögregluliðinu við 5 ár. Einnig þykir sanngjarnt, að þeir fái einhverja þóknun. En þar sem búast má við, að eigi þurfi nema örsjaldan að gripa til varalögreglusveitar, þá virðist nægilegt, að þóknunin sje miðuð við þann tíma, sem varið er til starfans, en sje ekki föst. Þó verður forstöðumaður varalögreglusveitar í Reykjavík að hafa einhverja fasta þóknun. Sú þóknun þyrfti þó naumast að vera mjög há, því gera má ráð fyrir, að til þeirrar stöðu yrði sá maður valinn, sem hefði annað fast starf með höndum. Vill minni hl. í því sambandi benda á, að það væri eðlilegt, að forstöðumaður hefði jafnframt á hendi fast lögreglustarf, svo sem fulltrúastöðu hjá lögreglustjóra í Reykjavík eða yfir lögregluþjónsstöðu þar. En auðvitað þarf hann þá að hafa þá sjerstöku hæfileika og æfingu, sem forstaða varalögregluliðsins útheimtir.

Til þess að gefa einhverja hugmynd um, hvað það mundi kosta ríkissjóð að koma á fót varalögreglu eins og hjer er stungið upp á, hefir minni hlutinn aflað sjer upplýsinga hjá kunnugum mönnum. Tilhögunin mundi verða að ýmsu leyti lík því, sem nú er um slökkvilið Reykjavíkur. Í því eru 50 manns; þar af eru 9 fastir starfsmenn við slökkvistöðina, en hitt eru borgarar, sem kvaddir eru til starfans. Hafa þeir einkennisbúninga, sem jafnframt eru hlífðarföt. Eru það ljettar kápur og kosta 45 kr., og virðast þær vera hentugar einnig fyrir lögreglumenn, og ættu þá að vera með öðrum lit. Gúmmíkylfur lögreglumanna kosta 15 kr. Auk þess þyrfti höfuðföt og einhver sjerstök einkenni handa yfirmanni og undirforingjum, en alls ætti útbúnaðurinn ekki að fara fram úr 100 kr. á mann að meðaltali, eða í mesta lagi 10 til 12 þús. kr. fyrir þann mannfjölda, sem stungið er upp á. Ennfremur þyrfti væntanlega að kosta einhverju upp á forstöðumann í byrjun, annaðhvort styrkja hann til utanfarar til að kynna sjer störfin, eða fá hingað útlending um tíma til þess að æfa sveitina. Áætlum við, að 5000 kr. útgjöld ættu að nægja í þessu skyni, og er þá talinn allur stofnkostnaðurinn.

Um árlegan kostnað er erfitt að gera nákvæma áætlun. Aukabókun til forstöðumanns mætti giska á 200 kr. á mánuði, ef hann gegnir öðru föstu starfi. Fyrir æfingar ætti að greiða hverjum manni fasta árlega þóknun, og er álitamál, hver hún ætti að vera; líklega 50 til 100 kr. — Þegar menn eru kvaddir til lögregluverka, mætti borga þeim ettir taxa, eitthvað í líkingu við slökkvilið Reykjavíkur. (Par eru greiddar 6 kr. í hvert sinn, sem liðið er til kvatt, fyrir fyrstu klst., og 3 kr. fyrir hverja klst. fram yfir, sem þeir eru við starfann).

Við teljum, að sjaldan mundi til þess koma, að varalögreglan yrði til kvódd; vitneskjan um, að hún er til taks, mundi venjulega nægja. Búumst við ekki við, að árlegur kostnaður alls mundi fara fram úr 10 til 15 þús. kr. Til æfinga yrðu að sjálfsögðu notuð leikfímishús þau, sem hið opinbera hefir umráð yfir.

Af framanskráðum ástæðum leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM.

1. 1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilað að koma á fót varalögregluliði í kaupstöðum landsins — alt að 100 manna sveit í Reykjavík og alt að 10 manna sveit í öðrum kaupstöðum — til þess að vera til taks lögreglustjórum til aðstoðar, er nauðsyn krefur.

2. 2. gr. orðist svo:

Allir karlmenn, sem eru fullra 20 ára að aldri og ekki yfir fertugt, og til eru kvaddir, eru skyldir að ganga í varalögregluliðið og gegna þeirri skyldu í 5 ár, enda sjeu þeir ekki til þess ófærir vegna sjúkdóms eða slíkra forfalla.

3. Síðari málsgrein 3. gr. orðist svo:

Þóknun má greiða forstöðumanni varalögreglusveitar í Reykjavík, og skal hún ákveðin í reglugerð. Öðrum varalögreglumönnum má og á sama hátt greiða þóknun, er miðuð sje við tíma þann, sem þeir verja til starfsins og til æfinga vegna þess.

4. Upphaf 4. gr. orðist svo:

Með reglugerð setur dómsmálaráðherra ítarleg ákvæði um varalögreglu, skipulag lögregluliðs þessa, þóknun, starfshætti — — —

Alþingi, 18. apríl 1925.

Jón Kjartansson,  
frsm.

Árni Jónsson.